

## Eyþing. Áhersluverkefni 2017

Verkefni 2017 - 4	Raforkuöryggi á Norðurlandi eystra.
Markmið	<p>Að greina framboð og eftirspurn eftir raforku á Norðurlandi eystra.</p> <p>Að tryggð verði næg orka inná svæðið hvað varðar afl, gæði og afhendingaröryggi.</p>
Stutt verkefnislýsing	<p>Atvinnuþróunarfélögin munu m.a. afla gagna um raforkuþörf vegna atvinnustarfsemi í landshlutanum, sem nýtt verður í greiningarvinnu þeirra aðila sem ráðnir verða til verksins.</p> <p>Á grundvelli greiningar verði skilgreindar leiðir til að tryggja nauðsynlegt aðgengi að rafmagni á svæðinu hvað varðar afl, gæði og afhendingaröryggi. Í því sambandi verði sérstaklega horft til þess að ná nauðsynlegri samstöðu um uppbyggingu flutningskerfis raforku á Norðurlandi.</p> <p>Um er að ræða Hólasandslínu 3 og Blöndulínu 3 sem báðar verða endurýjaðar í 220 kV. Einnig að línan á milli Kópaskers og Vopnafjarðar verði skilgreind sem hluti flutningskerfisins og afköst hennar verði fullnægjandi. Þá þarf einnig að huga að raforkuöryggi byggðarlaganna á Tröllaskaga, t.a.m. með hringtengingu.</p> <p>Til að Norðurland verði hluti af heildstæðu raforkukerfi landsins þarf að halda áfram vinnu varðandi Sprengisandslínu, sem mun styrkja heildarkerfið milli Norður- og Suðurlands. Við þá framkvæmd mun öryggi og gæði rafmagns í öllu kerfinu aukast.</p> <p>Í ljósi þeirra átaka sem verið hafa um raforkumál landshlutans verður hluti verkefnisins fólgin í því að reyna að efla samtal ólíkra sjónarmiða og reyna að ná eins breiðri samstöðu um lausnir og mögulegt er. Lögð verður áhersla á að miðla upplýsingum um stöðu raforkumála í landshlutanum.</p>
Framkvæmdaaðili	Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga
Samstarfsaðilar	Orkuspárnefnd, Landsvirkjun og aðrir raforkuframleiðendur, Landsnet, Eyþing og sveitarfélögin á svæðinu
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Verkefnið sem hér er lýst á sér beina skírskotun í aðgerðaáætlun fyrir Sóknaráætlun Norðurlands eystra. Í 4. kafla hennar kemur fram að dreifikerfi raforku sé eitt af stærstu hagsmunamálum landshlutans í heild og þar með forgangsmál.</p> <p>Eitt af 11 meginmarkmiðum Sóknaráætlunar er: Öflugir innviðir sem þjóna þörfum landshlutans. Til að vinna að undirmarkmiði þess um að: Tryggja næga raforku er tilgreind sú aðgerð (11.2.1) að greina framboð og eftirspurn eftir raforku og tryggja viðeigandi ráðstafanir.</p>

Árangursmælikvarðar	<p>Þess er vænst að afrakstur verkefnisins birtist m.a. í eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Niðurstaða greiningar á orkuþörf og flutningsgetu inná Norðurland eystra.</li> <li>- Niðurstaða sé komin um línulögn á Norðurlandi.</li> <li>- Rafmagnslína Kópasker-Vopnafjörður verði skilgreind sem hluti flutningskerfis Landsnets.</li> </ul> <p>Vel hefur tekist til hjá sveitarfélögunum við að klára skipulagsmál og þau vinna þétt með Landsneti. Vinna við uppsetningu Kröflulínu 3 mun að öllum líkindum hefjast sumarið 2018 og framkvæmdir við Hólasandslínu 3 sumarið 2020. Áætlað er að framkvæmdir nái yfir 2 sumur með hvora línu.</p> <p>Blöndulína 3 er styttra á veg komin en hún er á leið í nýtt mat. Vinna vegna hennar hefur gengið hægt og því er stuðningur atvinnuþróunarfélaganna mikilvægur. Mikilvæg vinna er framundan við að ná sátt um þessa tengingu en vonir atvinnuþróunarfélaganna og Landsnets standa til að Blöndulína 3 verði komin á framkvæmdaráætlun árið 2019.</p>
Lokaafurð	Greining á framboði og eftirspurn eftir raforku í landshlutanum, framkvæmdaáætlun sem tryggir það afl, gæði og öryggi sem skilgreint er. Einnig að fyrir liggir eins breið samstaða um málið og unnt er. Framtíðarsýnin er að í landshlutanum verði hægt að mæta þörfum íbúa og atvinnulífs fyrir trygga raforku.
Tímarammi	Eins og hér hefur verið lýst er mikilvæg vinna framundan næstu 2 árin. Verkefnistíminn er því frá sept. 2017 til ársloka 2019.
Áætlaður kostnaður	7.000.000 kr. auk vinnuframlags atvinnuþróunarfélaganna. Talsverð aðkeypt sérfræðipjónusta fylgir verkefninu.
Framlag úr sóknaráætlun 2017	5.000.000 kr.